

Ibandronic acid WH 3 mg stungulyf, lausn
Ibandronic acid WH 2 mg innrennslisþykki, lausn
(íbandrónsýra, natríum einhýdrat)

Minnisblað fyrir sjúklinga varðandi beindrep í kjálka

Læknirinn þinn hefur mælt með því að þú fái íbandrónsýru, sem er notuð til meðhöndlunar á beinþynningu hjá konum eftir tíðahvörf. Þessi sjúkdómur felur í sér þynningu og veikingu beina svo þau brotna frekar.

Greint hefur verið frá aukaverkun sem kallast beindrep í kjálka (alvarlegar beinskemmdir í kjálkanum) í örfáum tilvikum hjá sjúklingum sem hafa fengið íbandrónsýru í bláæð við beinþynningu. Beindrep í kjálka getur einnig komið fram eftir að meðferð er hætt.

Það er mikilvægt að reyna að koma í veg fyrir að beindrep myndist í kjálka þar sem það getur verið erfitt að meðhöndla það og því fylgja miklir verkir. Hægt er að gera varúðarráðstafanir til þess að draga úr hættunni á því að beindrepið myndist.

Áður en meðferð hefst:

Segðu læknum eða hjúkrunarfræðingnum (heilbrigðisstarfsmanninum) ef þú átt við einhver munn- eða tannvandamál að stríða, eða ef þú ert með gervitennur.

Læknirinn getur beðið þig um að fara í skoðun hjá tannlækni ef þú:

- hefur áður notað lyf í sama flokki og íbandrónsýra (bisfosfónöt)
- tekur lyf sem kallast barksterar (svo sem prednisólón eða dexametasón)
- reykir
- ert með krabbamein
- hefur ekki farið í skoðun hjá tannlækni lengi
- ert með einhver munn- eða tannvandamál

Meðan á meðferð stendur:

- Þú skalt gæta að góðri tannhirðu, burstu tennurnar reglulega og fara í reglulegt eftirlit hjá tannlækni. Ef þú notar gervitennur skaltu tryggja að þær passi vel.
- Ef þú ferð í meðferð til tannlæknis eða þarft að fara í tannaðgerð (t.d. tanndrátt), skaltu láta læknum vita og segja tannlæknum að þú notir íbandrónsýru.
- Hafðu strax samband við læknum og tannlæknum ef þú finnur fyrir einhverjum munn- eða tannvandamálum, svo sem lausum tönnum, verkjum eða bólgu, eða sárum sem gróa ekki eða vessar úr, þar sem þetta gæti verið til marks um beindrep í kjálkanum.

Lestu fylgiseðilinn sem fylgir með í pakkningu lyfsins til að fá frekari upplýsingar. Fylgiseðilinn er einnig að finna á: www.serlyfjaskra.is